2601407

26. október 2026

Góðan dag

Um leið og meðfylgjandi fundargerð er send sveitarfélögunum til kynningar, **er hér með áríðandi tilkynning sem jafnframt er undir lið 5.d í fundargerðinni**:

d. Ábyrgð á fjármögnun á yfirfærslu verkefna vegna laga nr. 82/2026 og 85/2026 um breytingu á fyrirkomulagi opinbers eftirlits 1. janúar 2027?

Bókun

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, ber stjórn byggðasamlags Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sem er Heilbrigðisnefnd Suðurlands að skipa skiptastjórn byggðsamlagsins frá 1. janúar 2027. Skiptastjórn fer með fyrirsvar byggðasamlagsins meðan á slitameðferð stendur og annast uppgjör eigna og skulda og önnur nauðsynleg verkefni vegna slitanna.

Enn liggur ekki fyrir hver beri kostnað sem leiðir af yfirfærlsu verkefna og slitum byggðasamlagsins, m.a. vegna yfirfærslu gagna, uppsagnafrests starfsfólks, húsaleiguskuldbindinga og lífeyrisskuldbindinga. Heilbrigðisnefnd telur að meðan ekki liggur fyrir með skýrum hætti hvernig þessi kostnaður verði fjármagnaður sé verulegum vandkvæðum bundið að ganga frá skipan skiptastjórnar og endanlegri slitaáætlun.

Á fundi sveitarstjórnarfólks á Suðurlandi, Heilbrigðisnefndar Suðurlands og framkvæmdastjóra SASS með forstjóra Umhverfis- og orkustofnunar, Gesti Pétursyni, þann 2. október 2026 kom fram að fjármögnun málsins væri ekki á forræði UOS og að um hana þyrftiu að ræða við fjármálaráðuneytið.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands óskar eftir upplýsingum um hvort SASS hafi átt í viðræðum við fjármála- og efnahagsráðuneytið um fjármögnun kostnaðar sem leiðir af yfirfærslu verkefna samkvæmt lögum nr. 82/2026 og 85/2026 og slitum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

Nefndin telur óviðunandi að nú, þegar sveitarfélög vinna að fjárhagsáætlunum fyrir árið 2027, liggi enn ekki fyrir hvaða kostnaður kann að falla á aðildarsveitarfélögin vegna slitanna og þeirra verkefna sem kunna að standa eftir hjá byggðasamlaginu eftir 1. janúar 2027.

Ofangreint tilkynnist hér með. Jafnframt óskað eftir að þessi póstur verði kynntur fulltrúum sveitarfélaganna á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. á föstudag 30. okt. nk. sjáumst vonandi öll þar. Þetta verður þar til umræðu.

Vinsamlegast staðfestið móttöku

Kveðja,

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir

framkvæmdastjóri

Austurvegi 65, 800 Selfoss - Sími: 480-8250 - www.hsl.is

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.

Please consider the environment before printing.

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum, sbr. 4. mgr. 88. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022.

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.